



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsögðu 4
150 Reykjavík

Reykjavík 29. október 2018

1810063SA PK/VÓHS
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs – mál nr. S-172/2018

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur með tilkynningu á vef ráðuneytisins, dags. 22. október sl., lagt fram drög að frumvarpi til laga um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra setji á fót starf samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs til fimm ára í senn. Eftir 1. janúar 2023 getur ráðherra lagt starfið niður.

Samkvæmt frumvarpinu er markmið laganna að íþróttar- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi þar sem börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða réttar síns vegna atviks eða misgjörða sem þar koma upp án ótta við afleiðingarnar. Samskiptaráðgjafa er bæði ætlað að aðstoða þau samtök eða félög sem lögín falla undir við að setja sér viðbragðsáætlanir og að aðstoða þá sem taka þátt í íþróttar- og æskulýðsstarfi og verða fyrir áreitni eða ofbeldi.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilefni lagasetningarinnar sé meðal annars yfirlýsing sem íþróttakonur sendu frá sér vegna #metoo, þar sem fram kom að þær sættu sig ekki við þá mismunun, ofbeldi og áreitni sem hefur viðgengist á vettvangi íþróttar fram til þessa.

Eitt af hlutverkum samskiptaráðgjafa, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., er að leiðbeina þeim einstaklingum sem til hans leita vegna atvika eða misgerða, sem orðið hafa í eða í tengslum við skipulagt starf þeirra félaga eða samtaka sem falla undir lögín, um þau úrræði sem standa til boða, hvernig kvörtun er komið á framfæri við rétt yfirvöld og eftir atvikum um þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða uppá.

Að mati sambandsins er hér um að ræða þarft verkefni og ánægjulegt að ráðuneytið hyggist bregðast við með þessum hætti við vanda sem án efa hefur sett sitt mark á þá einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi eða áreitni á sviði íþróttar eða æskulýðsstarfs. Sambandið leggur áherslu á fjármagn til verkefnisins verði tryggt þannig að unnt verði að sinna þessu mikilvæga og umfangsmikla verkefni.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri